

## Leyfisskoðun bifreiða sem flytja skólabörn (bifreið skráð fyrir 8 farþega eða færri auk ökumanns)

- Ef umsækjandi er ekki þegar með almennt rekstrarleyfi, kemur hann til Samgöngustofu og sækir um almennt rekstrarleyfi og skilar inn viðeigandi gögnum.
- Umsækjandi fer á skoðunarstöð með staðfestingu frá Samgöngustofu um að sótt hafi verið um almennt rekstrarleyfi, ásamt þeirri bifreið sem á að leyfisskoða.
- Bifreiðin er leyfisskoðuð skv. skoðunarhandbók um leyfisskoðun hópbíla
- Ef bifreiðin er ekki í notkunarflokkinum „**Skólabifreið**“ skal senda inn rafrænt breytingablað með breytingu á notkunarflokki.
- Bifreiðin þarf að vera búin þeim búnaði sem fjallað er um í reglugerð um merki á skólabifreiðum
- Ef bifreiðin uppfyllir skilyrði skoðunarinnar, er viðeigandi leyfisskoðunarmiði („**Leyfisskoðun hópbifreiða**“) límdur í framrúðuna bifreiðarinnar.
- Skoðunin er skráð í ökutækjaskrá sem leyfisskoðun.
- Umsækjandi skráir ökutækið undir almenna rekstrarleyfið sitt með því að senda tilkynningu á [leyfisv@samgongustofa.is](mailto:leyfisv@samgongustofa.is).

